

26. febrúar 2019  
kl. 8.15

### Fundargerð Foreldraráðs Fífusala

Erla Stefanía boðaði foreldraráð á fund og var hann annar fundur ársins. Fundurinn var settur kl. 8.15.

Mætt voru Sigurlaug, Helgi, Þóra og Jóhanna. Erla Stefanía og Elva voru fyrir hönd leiksskólans.

Erla ræddi um starfsmannamál en það hefur verið nokkur starfsmannavelta, sérstaklega meðal þeirra sem hafa verið stuttan tíma. Það er stöðug vinna að halda starfsmannamálunum í réttu standi og hefur leiksskólinn þurft að bregðast við breytingum með tilfærslum.

Varðandi fjármálaáætlun þá var framúrkeyrsla á síðasta ári en það er ljóst að það er ekki tekið tillit til þarfa barnanna eða skólans varðandi fjárframlög. Erla hefur rætt þetta við Kópavogsbæ ítrekað en lítill skilningur er vegna erfiðrar fjárhagsstöðu og voru fjárframlög að einhverju leyti lækkuð milli ára t.d. varðandi fjármagn til kaupa leikfanga en það tengist m.a. fækkun barna.

Aðgerðaráætlun Kópavogs var rædd en það á að koma aukið fjármagn inn í leiksskólanna en þar á m.a. að auka rými barna (kemur inn 2020), námskeið aukin fyrir starfsmenn t.d. mannauðsstjórnun, málörvun, styrkir til að fara í leiksskólaliðann o.fl. Skipulagsdögum verður fjölgað í 6 fjórða hvert ár til að mæta námsferðum. Þessar aðgerðir eru jákvæðar og vonandi hjálpar þetta til við að efla leiksskólanna.

Undir önnur mál var rætt um garðinn en það myndaðist hætta vegna klaka og bleytu en Erla hefur sent formlega kvörtun á Kópavogsbæ vegna lóðarinnar.

Rafræn heilsubók er að koma út og verða foreldraviðtöl í tengslum við afmæli barnanna en aðgangur að heilsubókinni verður gerður aðgengilegur fyrir foreldra gegnum rafræn skilríki. Verður sennilega komið í full not næsta haust.

Að lokum var rætt um matseðla en núna er komið nýtt ferli þar sem dögum er skipt eftir litakóða s.s. fiskidagar, grænmetisdagur o.s.frv. en leiksskólinn hefur svo ákveðið val um hvað er í matinn hverju sinni svo lengi sem það er á listanum sem er gefinn út. Meiri áhersla er lögð á grænmeti en áður.

Fundi lauk kl. 9.05 og ákveðið að boðað yrði til næsta fundar með tölvupósti.

Fundargerð ritaði Helgi Már Jóseppson